

## **Fjármálaeftirlitið**

Ávarp stjórnarformanns á ársfundinum 29. okt. 2003.

Góðir fundargestir,

Fyrir hönd stjórnar Fjármálaeftirlitsins býð ég ykkur velkomin til þessa fimmta ársfundar eftirlitsins. Það er skoðun stjórnar Fjármálaeftirlitsins að jafnvel þótt eftirlitið geti að sjálfsögðu ekki skýrt frá einstökum eftirlitsverkefnum vegna ákvæða um þagnarskyldu, þá geti eigi að síður verið gagnlegt fyrir eftirlitsskylda aðila og viðskiptaumhverfi þeirra, sem og almenning yfirleitt, að fá almennar upplýsingar um starfsemi eftirlitsins á hverju ári á fundi sem þessum.

Á dagsskrá fundarins verða að venju flutt tvö erindi, annað flyt ég fyrir hönd stjórnar eftirlitsins en hitt flytur Páll Gunnar Pálsson, forstjóri, en hann mun njóta aðstoðar tveggja starfsmanna sem gera munu grein fyrir afmörkuðum viðfangsefnum sem þeir hafa haft veg og vanda að. Í erindi mínu mun ég, auk þess að gera grein fyrir rekstri og áætlanagerð eftirlitsins, fjalla um nokkur atriði sem varða innleiðingu alþjóðlegra staðla um reikningsskil hér á landi og umsögn Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins um starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Fyrst vil þó fara nokkrum orðum um hlutverk og upplýsingamiðlun eftirlitsins.

### **Mynd nr. 2**

Í umræðum á undanförunum misserum hefur nokkuð borið á því, að menn ætli eftirlitinu annað hlutverk og viðtækara en kveðið er á um í lögum. Lögin eru þó skýr um, að eftirlitið skuli beinast að tiltekinni atvinnustarfsemi í landinu og markmiðið er að stuðla að því, að fjármálastarfsemin fari fram í samræmi við lög og reglur sem um hana gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Í þessu skyni beinast rannsóknir eftirlitsins að starfsháttum eftirlitsskyldra aðila á hinum ýmsu sviðum og komist eftirlitið að því að brotalamir séu í starfsháttum tiltekinna aðila er þeim gert kunnugt um það hið fyrsta og úrbóta er krafist. Fjármálaeftirlitið hefur ekki heimild til þess að greina frá efni þessara skýrslna eða athugasemda, sé um þær að ræða, heldur stendur það upp á viðkomandi stofnun að opinbera ábendingar eftirlitsins bjóði þeim svo við að horfa.

Það má velta því fyrir sér, hvort annað vinnulag kæmi hér til greina, enda væri það í þágu gegnsæis á markaði að meiri upplýsingamiðlun kæmi frá eftirlitinu. En hér er vandratað, því þó að hægt sé að halda því fram að í slíkum upplýsingum séu fólgin einhvers konar varnaðaráhrif, þá gæti birting þeirra á hinn bóginn einnig orðið til þess að spilla fyrir rannsóknarumhverfi eftirlitsins. Af hvaða hvötum ættu starfsmenn eftirlitsskyldra aðila, til dæmis að taka, að vera að skýra starfsmönnum eftirlitsins frá einu og öðru í starfseminni, ef þeir ættu það á hættu að frá því yrði skýrt opinberlega í skýrslum eftirlitsins. Í erindi sínu hér á eftir mun Páll Gunnar Pálsson reifa þetta viðkvæma mál frekar og gera grein fyrir umræðuskjali sem ætlunin er að birta á heimasíðu stofnunarinnar um þetta og skyld efni.

Ég vil þó í þessu sambandi nefna hliðstætt mál, sem kom upp fyrir nokkrum árum vestur í Bandaríkjunum. Þar varð að umkvörtunarefni, að endurskoðendur fyrirtækis höfðu ekki skýrt opinberlega frá efni skýrslu um innra eftirlit þess. Það var svört skýrsla, en samt var það svo, að þeir treystu sér til þess að árita reikningsskil fyrirtækisins fyrirvaralausri áritun, enda gert aðrar rannsóknir vegna ágallanna í innra eftirlitinu. Nokkru síðar varð fyrirtækið gjaldþrota og þá vegna þess að einhverjir höfðu nýtt sér brotalamir í innra eftirlitinu sjálfum sér til hagsbóta en á kostnað fyrirtækisins og hluthafa. Af þessum sökum var um það spurt, hvort ekki hefði verið skynsamlegt og það til þess fallið að lágmarka tjón hluthafa og annarra fjármagnseigenda, ef endurskoðendurnir hefðu, samkvæmt reglum um störf þeirra, þurft að upplýsa opinberlega um gallana í innra eftirlitinu. Því vinnulagi var þó ekki breytt vegna málsins með vísan í reglur um þagnarskyldu endurskoðenda, en hins vegar var ákveðið af opinberum aðilum að skylda fyrirtækin sjálf til þess að birta umsagnir um slíkar úttektir eða um ástand innra eftirlits almennt í ársskýrslum sínum. Þess vegna birtast nú yfirlýsingar þess efnis í þeim ársskýrslum undirritaðar af stjórnarformanni, framkvæmdastjóra og iðulega af fjármálastjóra einnig.

Mig langar auk ofangreinds að gera einn vinkil á þessu máli um upplýsingamiðlun eftirlitsaðila að umtalsefni. Samkvæmt ákvæðum gildandi laga hefur eftirlitið tilkynningarskyldu til ríkislögreglustjóra þegar svo háttar til að brot teljast alvarleg og sýnast vera þannig að um refsivert athæfi sé að ræða. Við þessar aðstæður er hlutverki eftirlitsins lokið með því að tilkynna um málið til ríkislögreglustjóra. Það er mat stjórnar eftirlitsins að brýnt sé fyrir fjármálamarkaðinn í heild, að mál af þessu tagi, sem hafa einhverja hneigð til þess að komast í fjölmiðla, fái eins skjóta afgreiðslu og kostur er. Þannig helst koma varnaðaráhrif fram gagnvart markaðnum að öðru leyti, en auk þess er það eðlilegt gagnvart öllum málsaðilum.

Ein leið til þess að koma því í kring væri að auka heimildir Fjármálaeftirlitsins til þess að rannsaka slík mál ítarlegar en nú er, þannig að vinnuferlið hjá ríkislögreglustjóra gæti tekið skemmri tíma. Hér togast vissulega á sjónarmið um að gæta hagsmuna þeirra sem þurfa að sæta rannsókn og hvernig er eðlilegast að varnaðaráhrif njóti sin. Ég bendi auk þess á, að líklegra er að mínum dómi að fagkunnátta til rannsóknar á málum sem snerta rekstur eftirlitsskyldra aðila hvíli frekar hjá Fjármálaeftirlitinu en lögreglufirvöldum. Með þessum orðum er ég þó alls ekki að kasta rýrð á hæfi lögreglufirvalda til starfa á þessu sviði. Rétt er að taka fram, að í stað þess að efla eftirlitið til vinnu á þessu sviði, en ég vek athygli á því að erlendis eru þess dæmi að fjármálaeftirlit hafi víðtækari heimildir að þessu leyti en hér þekkist, kæmi einnig til greina að efla efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra, svo að málhraði á þessu sviði geti verið meiri.

### **Mynd nr. 3**

Sný ég mér nú að innleiðingu alþjóðlegra staðla um reikningsskil hér á landi. Fyrir nákvæmlega einum mánuði skýrði forstöðumaður innri markaðar Evrópusambandsins frá því, að framkvæmdastjórn sambandsins hefði fyrir sitt leyti samþykkt reglugerð sem kveður á um skyldu fyrirtækja á verðbréfamörkuðum til að fylgja reglum Alþjóðlegra reikningsskilaráðsins frá og með árinu 2005. Áður höfðu Evrópuþingið og ráðið samþykkt þessar reglur fyrir sitt leyti, en þó þannig, að þær skyldu sæta sérstakri athugun

fagráðs áður en framkvæmdastjórnin legði blessun sína yfir regluverk hins alþjóðlega reikningsskilaráðs. Samkvæmt reglugerðinni skulu öll fyrirtæki á hlutabréfamörkuðum semja samstæðureikningsskil sín í samræmi við reglur Alþjóðlega reikningsskilaráðsins, þegar undan eru skildar reglur í staðli nr. 32 og 39, en þær varða upplýsingar sem veita skal um fjármálagerninga hvers konar (e. financial instruments) en auk þess taka reglur þessar á því hvenær þessa gerninga skal skrá og hvernig mælingu þeirra skuli háttáð. Rétt er að taka fram að reglugerð þessi, sem íslenskum stjórnvöldum ber að fara eftir, tekur einnig til fjármálafyrirtækja og fyrirtækja í váttryggingarekstri.

Með því að þessi samþykkt liggur formlega fyrir er ljóst að meira samræmi getur orðið í afkomu- og efnahagsmælingum fyrirtækja á verðbréfamarkaði en áður hefur þekkst. Því miður hefur það gerst að þessar mælingar hafa þróast með talsvert ólíkum hætti í heiminum. Tvenns konar sjónarmið til mælinganna hafa þar einkum verið í umræðunni en með alls kyns afbrigðum þó, þar sem þjóðarsálin, ef svo má segja, hefur fengið að njóta sín. Þannig hefur t.d. meiri leynd hvílt yfir efni reikningsskila fyrirtækja í þýskumælandi þjóðum og hjá Japönum, en á hinn bóginn er talsvert meiri sveigjanleiki til frásagnar meðal engilsaxneskra þjóða og upplýsingamiðlun meiri. Einnig hafa rekstrarhagfræðileg sjónarmið ráðið ferðinni í reglusmíðinni hjá engilsaxneskum þjóðum fremur skattapólitísk viðhorf sem hafa hins vegar einkennt reikningsskil fyrirtækja á meginlandi Evrópu.

Með stórauðnum alþjóðlegum viðskiptum og opnum mörkuðum er þörf fyrir mælireglur sem eru sambærilegar. Engin efnisrök styðja að mælingar á frammistöðu í rekstri fyrirtækja séu með allt öðrum hætti í Reykjavík en á Manhattan eða í Berlín. Það er því fagnaðarefni, að nú skuli hætt smíði Babelsturna í heiminum á sviði reglusmíðar í reikningsskilum, eins og forstöðumaður innri markaðar Evrópusambandsins orðaði það svo skemmtilega.

Þó að staðlaverk Alþjóðlega reikningsskilaráðsins taki í fyrstu aðeins til svonefndra samstæðureikningsskila, þá má búast við að síðar verði öllum fyrirtækjum gert að beita reglum ráðsins, hvort sem fyrirtæki telst vera móðurfélag eða ekki. Þá er einnig við því að búast að reglur ráðsins muni einnig verða notaðar hjá aðilum sem eru utan verðbréfamarkaða, enda væri það í anda samræmingarmarkmiðsins og ekki miklum erfiðleikum bundið að beita regluverkinu jafnvel fyrir lítil fyrirtæki. Raunar er því þannig varið, að Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur séð tækifæri á þessu sviði og er nú þegar með í smíðum reglur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (e. SME).

Það stendur upp á ráðuneyti fjármála að gera þær breytingar á lögum sem nauðsynlegar eru til þess að framfylgja kröfum, sem okkur ber að fara eftir á grundvelli fyrirmæla í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Sú vinna er nú komin á einhvern rekspöl, þó að hún sé að vísu ekki eins langt komin og hjá nálægum þjóðum samkvæmt umsögn Geoffrey Whittington, sem á sæti í Alþjóðlega reikningsskilaráðinu. Það sýnist þó ganga á ýmsu í þessu efni, því nýlega sá forstöðumaður breska fjármálaeftirlitsins, Howard Davies, ástæðu til þess að skora á bresk fyrirtæki að herða róðurinn í undirbúningsvinnunni fyrir innleiðingu staðlanna í Bretlandi. Whittington þessi, sem er prófessor í reikningsskilafraeðum við Cambridge háskólann í Englandi, flutti nýlega

erindi á ráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda um innleiðingu staðla ráðsins í heiminum, en hann hefur það hlutverk m.a. að hafa eftirlit með Norðurlöndunum fyrir hönd ráðsins. Vonir standa þó til, að allri nauðsynlegri vinnu, þ.e. þýðingu staðlanna á íslensku, kyningu þeirra, laga- og reglugerðarbreytingum, svo og þjálfun þeirra sem einkum munu starfa á þessu sviði, muni ljúka í tæka tíð. Það er þó mat Whittingtons, að ekki sé við því að búast, að menn hér á landi nái fullum tókum á staðlaverki ráðsins á skömmum tíma, heldur muni það taka nokkur ár, enda er ólíku saman að jafna að hverfa frá regluverki íslenskra laga sem er á 20 blaðsíðum og taka í notkun reglur, sem eru á meira en 2000 blaðsíðum, og aukinheldur í örum vexti.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að skýra frá því, að Alþjóðlega reikningssskilaráðið sýnist í auknum mæli hafa hallað sér að þeirri aðferðafræði í reglusmíðinni að skilgreina eignir og skuldir fremur en setja reglur sem eru útfærslur á þeirri reglu reikningshalds sem krefst þess að gjöldum sé jafnað á móti tekjum, þ.e. jöfnunarreglunni. Þessa má meðal sjá stað í nýlegum reglum um skráningu verðbréfa, þar sem krafist er markaðsverðs fremur en upphaflegs kostnaðarverðs, enda er sú klassíska regla ekki lengur tæk í heimi fjármálagerna nútímans með hvers kyns afleiður í fararbroddi. Ennfremur liggur sú aðferðafræði til grundvallar, þegar Alþjóðlega reikningssskilaráðið greinir frá því í drögum að reglum um rekstur váttryggingafyrirtækja, að svonefnd útjöfnunarskuld standist ekki skilgreiningu skuldar og verði því að hverfa. Segja má, að þessi aðferðafræði sé að nokkru leyti til samræmis við skilgreiningu hagfræðingsins Hicks, sem á sínum tíma skilgreindi hagnað, sem þá fjárhæð sem aðili gæti neytt á tilteknu tímabili án þess að ganga á forða sinn.

#### **Mynd nr. 4**

En eitt er innleiðing þessara staðla og annað er eftirlit með því, að þeim sé framfylgt í hvívetna. Það eftirlit, sem og aðstoð við fyrirtæki að rækja skyldur sínar í þessum efnum, mun efalítið hvíla hjá endurskoðendum. En það er ekki nóg að boði Evrópusambandsins og því verður einnig að framkvæma opinbert eftirlit með fyrirtækjum á verðbréfaþingum til þess að tryggja ennfrekar að eftir stöðlunum sé farið. Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar eftirlitsskyldur gagnvart þeim fyrirtækjum, sem lög um eftirlitið ná til, svo að það sýnist því eðlilegt að Fjármálaeftirlitið annist þetta verkefni. Þannig er því víða erlendis farið, en þó hafa einnig aðrir aðilar komið að því verki, eins og t.d. kauphallir. Opinbert stjórnvald verður þó að koma við sögu, m.a. vegna ákvæða um sektarmeðferð, fari fyrirtæki ekki eftir lögum og reglum á þessu sviði. Mér sýnist vel koma til greina, að einhvers konar samvinna verði á milli Fjármálaeftirlitsins og Kauphallarinnar um þetta verkefni, en það er ráðuneytis fjármála að taka ákvörðun um það. Gagnlegt væri að afstaða ráðuneytisins til þess máls gæti legið fyrir sem fyrst, svo að þeir sem eftirlitshlutverkinu eiga að sinna geti hafið undirbúning fyrir þau störf, en þau munu bæði verða býsna vandasöm og umfangsmikil.

#### **Mynd nr. 5**

Áður en ég geri grein fyrir rekstri Fjármálaeftirlitsins á síðasta starfsári langar mig til þess að skýra í stuttu máli frá umsögn Alþjóða gjaldeyrissjóðsins um starfsemi eftirlitsins.

Á árinu 2001 framkvæmdi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn athugun á stöðugleika íslenska fjármálakerfisins. Athugunin benti til þess að nokkurt ójafnvægi væri á ýmsum sviðum efnahagsmála. Af þeim sökum gerði sjóðurinn ýmsar tillögur um úrbætur og vörðuðu sumar þeirra starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Til að mynda var gerð tillaga um að eftirlitið fengi meira fé og mannafla til starfa, leyfisveitingar skyldu vera á forræði eftirlitsins, heimildir til reglusmiðar rýmri, auk ábendinga um þjálfun starfsmanna. Í skýrslunni var einnig bent á, að Fjármálaeftirlitið uppfyllti ekki öll ákvæði í kjarnareglum um árangursríkt bankaeftirlit.

Stjórnvöld brugðust við þessum ábendingum með jákvæðum hætti og svo miklu leyti sem málefni voru á forræði Fjármálaeftirlitsins var gripið til ráðstafana til þess að koma á endurbótum, þó að það hafi ekki verið í öllum greinum. T.d. hefur stækkun eftirlitsins til samræmis við tillögur Alþjóða gjaldeyrissjóðsins ekki gengið eftir nema að hluta til.

### **Mynd nr. 6**

Samskonar athugun Alþjóða gjaldeyrissjóðsins var framkvæmd síðastliðið sumar og var skýrsla sjóðsins birt í ágúst og í henni er allt annar og jákvæðari tónn. Þar kemur m.a. fram, að ójafnvægið sem greindist á árinu 2001 hafi nú að mestu leyti horfið. Í skýrslunni kemur fram hrós fyrir skjótar umbætur sem hafa verið gerðar á regluverki og framkvæmd eftirlits. Þá kemur einnig fram, að nú uppfylli Fjármálaeftirlitið nánast öll ákvæði um í kjarnareglunum um virkt eftirlit. Aðeins var gerð athugasemd við, að það skorti á reglulega upplýsingagjöf um áhættu í útlánnum til lánþega erlendis, sem eftir atvikum vegur þó ekki þungt. Loks er borið lof á vinnu eftirlitsins að því er varðar nýjar aðferðir í eftirliti, en hér á eftir verður grein fyrir þeim í erindi Páls Gunnars.

Það er auðvitað fagnaðarefni hversu góða dóma stjórnvöld fá í þessari skýrslu Alþjóða gjaldeyrissjóðsins um athugun á fjármálastöðugleika. Það þýðir þó alls ekki, að því er Fjármálaeftirlitið varðar, þó að því þyki hólið gott, að það líti svo að það sé fullnuma og hafi engu við að bæta í eftirlitstækninni, heldur verður áfram unnið að því að finna leiðir sem duga til þess að eftirlitið geti sinnt hlutverki sínu sem best gagnvart eftirlitsskyldum aðilum og umhverfinu að öðru leyti.

Sný ég mér þá að rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt lögum um Fjármálaeftirlitið ber stjórn að fylgjast með rekstri þess og það gerir hún m.a. með reglulegum samanburði á áætlunum og framvindu rekstrar. Stjórnin fær mánaðarlega yfirlit sem sýnir kostnað og tekjur ásamt með samanburði við áætlun. Frávik eru greind og skýringa aflað svo að grípa megi til ráðstafana ef þurfa þykir.

### **Mynd nr. 7**

Í rekstrarspá fyrir árið 2002 var gert ráð fyrir að tekjur yrðu alls 218,8 millj. kr. en gjöld alls 264 millj. kr. Mismunurinn var fjármagnaður með fyrningum frá fyrra ári að fjárhæð 45,2 millj. sem reyndust þó vera 47,9 millj. kr., þegar fyrra ár hafði endanlega verið gert upp. Skýringin á þessum fyrningum, eins og á fyrra ári, var sú að eftirlitinu hafði ekki tekist að koma starfseminni í það umfang sem samþykktar áætlanir höfðu þó gert ráð fyrir. Það tókst á árinu 2002 og námu gjöld alls 266,1 millj. kr. samanborið við 210 millj. kr. árið á undan. Samkvæmt því varð rekstrarhalli 49,2 millj. kr. en ráðstöfun fjár

umfram heimildir, sbr. samþykkt áætlun fyrir stofnunina, var alls 1,3 millj. kr. í árslok 2002, sem svarar til 0,5% af ráðstöfunarfé. Rétt er að taka fram, að þessar tölur taka ekki til tekna og gjalda vegna úrskurðarnefndar í váttryggingamálum sem námu alls 5,7 millj. kr., enda er hún ekki eiginlegur hluti af áætlanagerð og rekstri stofnunarinnar. Þetta allt kemur fram í meðfylgjandi yfirliti:

## Rekstrarreikningur

| Tekjur                         | 2002         | Áætlun       |              | 2001         |
|--------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
|                                | millj.       | millj.       | Mismunur     | millj.       |
| Tekjur af eftirlitsgjaldi..... | 211,1        | 215,0        | (3,9)        | 198,0        |
| Vaxtatekjur.....               | 5,4          | 3,8          | 1,6          | 7,0          |
| Aðrar tekjur.....              | 0,4          | 0,0          | 0,4          | 1,0          |
|                                | <u>216,9</u> | <u>218,8</u> | <u>(1,9)</u> | <u>206,0</u> |

## Gjöld

|                      |              |              |              |              |
|----------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Launakostnaður.....  | 189,9        | 180,1        | (9,8)        | 148,0        |
| Annar kostnaður..... | 76,2         | 83,9         | 7,7          | 62,0         |
|                      | <u>266,1</u> | <u>264,0</u> | <u>(2,1)</u> | <u>210,0</u> |

**Rekstrarhalli** (49,2) (45,2) (4,0) (4,0)

Yfirfært frá fyrra ári..... 47,9 45,2

Ráðstöfun fjár umfram áætlun:

Yfirfært til næsta árs..... (1,3) 0,0 0,5% = 1,3/(47,9+216,9)

## Mynd nr. 8

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2002 námu skuldir umfram eignir 1,3 millj. kr. en til samanburðar var hrein eign í lok ársins 2001 samtals 47,9 millj. kr. Í rekstrarspá fyrir árið 2003 er gert ráð fyrir að tekjur verði alls um 263,6 millj. kr. og gjöld alls um 266,1 millj. Því verður ráðstöfun fjár umfram heimildir í árslok 2003 um 3,8 millj. kr. sem svarar til 1,4% af ráðstöfunarfé. Skýringin á þessu er aðallega sú, að í upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að hrein eign yrði 3 millj. kr. í árslok 2002 en hún reyndist verða neikvæð um 1,3 millj. kr. Þá liggur fyrir áætlun fyrir árið 2004 og er þá gert ráð fyrir rekstrarjöfnuði að teknu tilliti til stöðu frá fyrra ári með því að tekjur verði 292,5 millj. kr. en gjöld fjórum millj. lægri eða 288,7 millj. kr. Þessar tölur koma fram í eftirfarandi yfirliti:

## Efnahagsreikningur

| (millj. kr.)  | Árslok | Árslok | Spá  | Spá  |
|---------------|--------|--------|------|------|
|               | 2002   | 2001   | 2003 | 2004 |
| <b>Eignir</b> |        |        |      |      |

|                        |       |      |       |     |
|------------------------|-------|------|-------|-----|
| Bankainnstæða.....     | 1,1   | 50,4 |       |     |
| Skammtímakröfur.....   | 2,0   | 3,9  |       |     |
|                        | 3,1   | 54,3 | 0,0   | 0,0 |
| <b>Skuldir.....</b>    | 4,4   | 6,4  | 3,8   |     |
| <b>Hrein eign.....</b> | (1,3) | 47,9 | (3,8) |     |
|                        | 3,1   | 54,3 | 0,0   | 0,0 |

|                                  | <u>2003</u> | <u>2004</u> |
|----------------------------------|-------------|-------------|
| <b>Rekstrarspá (millj. kr.)</b>  |             |             |
| Tekjur.....                      | 263,6       | 292,5       |
| Gjöld.....                       | (266,1)     | (288,7)     |
| <b>Rekstrarhagnaður (-halli)</b> | (2,5)       | 3,8         |
| Yfirfært frá fyrra ári.....      | (1,3)       | (3,8)       |
| Yfirfært til næsta árs.....      | (3,8)       | 0,0         |

Þær upplýsingar úr reikningsskilum stofnunarinnar fyrir árið 2002, sem að framan er getið, eru staðfestar af ríkisendurskoðanda, Sigurði Þórðarsyni, sem áritar reikningsskilin án fyrirvara. Í endurskoðunarskýrslu sinni leggur hann þó áherslu á, að eftirlitsgjaldið skuli áætlað þannig að stofnunin skili hagnaði og eigið fé verði jákvætt, en áætlanagerðin miðist ekki við að núllstillja efnahagsreikning stofnunarinnar, eins og gert hefur verið fram að þessu. Með hóflegum hætti verður tekið mið af þessari ábendingu við næstu áætlanagerð, þ.e. fyrir árið 2005.

### Mynd nr. 9

Góðir fundarmenn,

Að þessu sögðu vil ég þakka stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum öllum fyrir gott samstarf og góð störf á liðnu ári. Fyrir hönd stjórnar eftirlitsins færi ég einnig eftirlitsskyldum aðilum þakkir fyrir góða samvinnu við Fjármálaeftirlitið. Nú tekur til máls forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson.